

Tenglar í vefsíðum.

HTML – tög geta í flestum tilvikum haft viðbætur sem nota má til að stýra enn betur eðli þeirra og gefa þeim aukna möguleika. Þessar viðbætur eru kallaðar á ensku “attributes” sem á íslensku gæti útlagst sem eigindi. Hverju eigindi fylgir svo ákveðið gildi (value).

Til að tengjast öðrum vefsíðum þurfum við að útbúa svokallaðan tengil (e. link). Það er gert með eftirfarandi hætti:

```
<a href="http://www.tskoli.is">Tækniskólinn</a>
```

Best er að brjóta þennan tengil niður í eftirfarandi einingar:

`<a` er skipun.

`href=` er eigindi

`"http://www.tskoli.is"` er gildið, þ.e. slóðin á síðuna sem við viljum tengjast

`>` opnunartagið lokast

Tækniskólinn er textinn sem birtist á vefsíðunni (þú smellir á textann)


`</a>` taginu lokað

Hér er *href* eigindi (attribute) af taginu **a** og `"http://www.tskoli.is"` er gildið (value), sem eigindið tekur með sér. Takið eftir að eigindið og gildið er sett inn í opnunartagið sem í þessu tilviki er `<a>`. Þetta verður alltaf að gera, ef eigindið og gildið er sett ekki rétt uppsett verður það óvirkt.

Tenglar á milli vefsíðna.

Þegar vefur er settur upp þarf að huga að skipulagi og uppþröðun efnisins sem nota á í vefnum. Ef síður eru geymdar í sömu möppu í tölvunni er auðvelt að tengja þær saman svo að komist verði af annarri yfir á hina. Fyrsta vefsíðan sem birtist á vef á að nefna: **index.html** þá þarf ekki að tilgreina heiti síðunnar einungis heiti vefsins t.d, www.tskoli.is

Athugaðu að **HTML og CSS skjöl mega ekki vera með íslenska stafi eða bil í skráarheiti.**



Ef síður eru geymdar í sömu möppu í tölvunni er auðvelt að tengja þær saman.

Á fyrstu vefsíðunni - index.html (staðlað heiti forsíðu) stendur eftirfarandi:

```
<a href="sida2.html">Síða 2</a>
```

Á vefsíðu tvö stendur aftur á móti:

```
<a href="index.html">Forsíða</a>
```

Ef vefurinn er umfangsmikill er hægt að vísa á síður og myndir í möppum með því að nota **/** skástrik til aðgreiningar á möppuheitum og vefsíðum:

```
<a href="mappa/vefsida.html">Undirsíða</a>
```

Þegar vísað er á aðrar síður á vefnum úr mappa/vefsida.html þá þarf að vísa tenglinum upp úr möppunni með **../**

```
<a href="../index.html">Forsíða</a>
```

Tenglar innan sömu síðu.

Gott getur stundum verið að hafa tengla innan sömu síðu sem vísa á einhvern ákveðinn hluta hennar. Í HTML er þetta gert með að nota **id**. **id** geymir tilvísun á ákveðna staðsetningu í skjalinu.

id notar einkvæmt heiti og þú mátt bara nota það heiti einu sinni pr. síðu (einkvæmt heiti = kennitalan þín, enginn annar er með hana). **id** má ekki byrja á tölustaf en að öðru leyti má gefa því eitthvað lýsandi heiti. Þú býrð til id heiti með því að nota millumerkið # fyrir framan gefið heiti t.d. **#efst**.

Dæmi:

Ef við viljum vera með tengil neðst á síðu sem sendir notandann efst á sömu síðu þá þarf að gera eftirfarandi:

Fyrst þarf að búa til og staðsetja tengilinn (t.d. neðst í skjalinu). Þú þarft að nota táknið # og tagið **<a>**

Fara efst á síðu

Síðan þarf að staðsetja **id** innan um opna tagið á þeim stað sem þú vilt fara á t.d. tagið **<h1>** sem er efst á síðunni:

<h1 id="top">

Kóðadæmi:

Best er að sjá hvernig þetta virkar í vafrara ef þú bætir við fleiri málsgreinum (lipsum.com) þ.e.a.s. að þú þurfir að „scrolla“ niður.

<body>

<h2 id="top">Fyrirsögn nr. 1</h2>

<p> Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit. Maecenas urna ipsum, cursus at adipiscing ut, feugiat et erat. Etiam eros velit, pulvinar id semper id, fermentum ut mi. Fusce nec lectus mi. Duis malesuada sagittis **</p>**

<h2 id="two">Fyrirsögn nr. 2</h2>

<p> Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit. Maecenas urna ipsum, cursus at adipiscing ut, feugiat et erat. Etiam eros velit, pulvinar id semper id, fermentum ut mi. Fusce nec lectus mi. Duis malesuada sagittis **</p>**

**Fara á Fyrirsögn nr. 2
**

Fara á Fyrirsögn nr.1

</body>

Varla þarf að taka fram þægindin við svona innri linka ef síðan er mjög löng og þurft getur að halda athygli lesandans með því að auðvelda honum umgang um skjalið. Einnig er alveg gráupplagt að bjóða upp á nokkurs konar efnisyfirlit stórra síðna og nota innri linka til að bjóða notandanum að velja um lesefni. Á sumum vefsíðum er útbúin snyrtileg valrönd það sem innri linkar eru notaðir til að vísa í hluta skjalsins sem er hugsanlega sýnilegt í vefskoðaranum eða ekki (skjalið er of stórt til að komast fyrir í glugganum)